

# Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja-og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

## 38. fundur skipulags-og byggingarnefndar Eyja-og miklaholtshrepps og Helgafellssveitar haldinn að Breiðabliki föstudaginn 17.04.2019 kl: 18:00

**Mættir voru:** Atli Sveinn Svansson, Halldór Jónsson, og Ragnar M. Ragnarsson skipulags-og byggingarfulltrúi sem einnig ritaði fundargerð.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Borgarholt-smáhýsi

Óskað er eftir leyfi til byggingar á 65 m<sup>2</sup> gestahúsi samkvæmt framlögðum uppdrætti.

**Niðurstaða fundarins:** *Skipulags-og byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að fullnaðargögnum verði skilað inn.*

#### 2. Kleifárvellir, skemma

Sótt er um leyfi fyrir byggingu 306 m<sup>2</sup> vélaskemmu samkvæmt meðf. teikningum.

**Niðurstaða fundarins:** *Skipulags-og byggingarnefnd samþykkir erindið.*

#### 3. Straumfjartunga, niðurrif húsa

Eigendur jarðarinnar hafa óskað eftir að rífa niður eftirtalda mhl. á jörðinni:  
04 – Geymsla/fjós,  
05 – Fjánhús, 07 – Hlaða,  
09 – Votheysturn,  
10 – Votheysturn,  
14 – Geymsla.

**Niðurstaða fundarins:** *Skipulags-og byggingarnefnd samþykkir erindið. Eignirnar verða ekki afskráðar úr fasteignaskrá fyrr en niðurrifi þeirra hefur verið lokið.*

#### 4. Stakkhamar, stækkun á útihúsum.

Óskað er stækkum á útihúsum samkvæmt framlögðum uppdráttum.

**Niðurstaða fundarins:** *Skipulags-og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi.*

## **5. Breiðablik, breytingar á húsnæði.**

Óskað er eftir breytingum á innra skipulagi Breiðabliks samkvæmt meðf. teikningum.

**Niðurstaða fundarins:** *Skipulag-og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur byggingafulltrúa að gefa út byggingarleyfi.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 19:00**